

Föstudaginn 12. apríl 1946.

Nr. 28/1946. Valdstjórnin (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Jóhanni Þorgrími Friðrikssyni

(Hrl. Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Jóhann Þorgrímur Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Gunnars J. Möllers, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 2. janúar 1946.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 31. október 1945, gegn bifreiðarstjóra Jóhanni Þorgrími Friðrikssyni, til heimilis Aðalstræti nr. 12 hér í bæ, fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Brekku í Kaupangssveit í Eyjafirði 13. júní 1895. Hann hefur aldrei sætt neinni refsingu eða kæru, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 28. júlí 1945 var lögreglunni gert aðvart um, að bifreiðin A 285 stæði á miðju Þórunnarstræti ofanvert við bæinn og væri bifreiðarstjórinn, sem var kærður í máli þessu, ölvaður.

Fór lögreglan þegar á vettvang, og hafði þá Valdimar Halldórsson, sem tilkynnt hafði lögreglunni um ölvun mannsins, tekið lyklana úr bifreið kærða, og afhenti hann lögreglunni þá. Fór lögreglan með kærða beint á lögreglustöðina, og tók yfirlæknir Guðm. Karl Pétursson þar blóðsýnishorn úr kærða.

Kærði hefur lýst aðdraganda þessa atburðar þannig, að hann hafi þenna dag verið að vinna við vegagerð úti í Glerárþorpi með bíl sinn. Eftir vinnutíma þenna dag hafi nokkrir af verkamönnum, þar á meðal kærði sjálfur, keypt saman eina flösku af „Gin“, og hafi þeir drukkið úr henni þar á staðnum. Ók kærði síðan til bæjarins með nokkuð af verkamönnum og nam staðar á Þórunnarstræti, ofan við bæinn, til að hleypa þar manni úr bílnum. Meðan hann stóð þarna á götunni, kom þar að bill, og stýrði honum áðurnefndur Valdemar Halldórsson. Varð hann þess þá var, að kærði í máli þessu var undir áhrifum áfengis, og fór hann þá í næsta hús til þess að tilkynna lögreglunni það, og kom hún innan lítillar stundar á staðinn.

Eins og að ofan segir, hefur kærði viðurkennt við rannsókn málsins, að hann hafi neytt nokkurs áfengis, skömmu áður en hann er tekinn af lögreglunni, og enn fremur hefur hann viðurkennt að hafa fundið dálitla breytingu á sér af áfenginu.

Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu. Aðalsteinn Bergdal lög-
regluþjónn hefur borið, að augljóst hafi verið, að kærði hafi verið ölvaður, og dró það af látæði hans, sem var öðru vísi en hann á að sér að vera. Björn Guðmundsson lögregluþjónn, sem kom að kærða við bíl hans umræddan dag ásamt lögregluþjónnum Aðalsteini Bergdal og Magnúsi Jónassyni, segist strax hafa séð, að Þorgrímur væri undir áhrifum áfengis, vegna þess að hann hafi verið í æstu skapi og óstilltari en hann á að sér að vera. Magnús Jónasson lögregluþjónn segist hafa séð kærða og heyrt hann tala og hafi sér virzt hann vera undir áhrifum áfengis og dregur þá ályktun einkum af hinni æstu framkomu hans.

Enn fremur hafa vitnin Ingólfur Magnússon og Guðmundur Matthíasson bæði borið, að þau hafi séð kærða drekka með verkamönnum áfengi, rétt áður en lagt var af stað til bæjarins. Enn fremur hafa vitnin Árni Friðriksson og Valdimar Halldórsson borið það, að þeir hafi séð ölvun á kærða í þetta skipti. Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr kærða, hefur reynt vera 1,6% alkohól, og hefur kærði ekkert haft við þá niðurstöðu að athuga.

Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að kærði í máli þessu, Jóhann Þorgrímur Friðriksson, hafi gerzt sekur um brot á bif-

reiðalögum nr. 23 16. júní 1941, 23. gr. sbr. 38. og 39. gr., umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941, 4. gr., sbr. 14. gr., og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935, 21. gr., sbr. 39. gr. Þykir refsing sú, sem hann hefur unnið til, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá ber að svipta hann leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Enginn óþarfa dráttur hefur orðið á máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhann Þorgrímur Friðriksson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða kann af máli þessu, þar á meðal kr. 200.00 til skipaðs talsmanns síns, Jóns Sveinssonar hdl.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 14. apríl 1946.

Nr. 71/1944. Bergsveinn Guðmundsson

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Sigurði Ólafssyni

og

Helga Péturssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Verksamningur. Vanefndir. Riftun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. maí 1944, krefst þess, aðallega að hann verði sýknaður, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 715.00 með 5% vöxtum frá 5. júní 1943. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur